



Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 13. mars 2026

MSS26020040

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um að lengja opnunartíma félagsmiðstöðva

Á fundi borgarstjórnar 10. febrúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga Jökuls Loga Sigurjónssonar, fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis sem var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að lengja opnunartíma félagsmiðstöðva til kl. 22:00 á mánudögum og miðvikudögum og á föstudagskvöldum til kl. 22:30 og bæta jafnframt við einni kvöldopnun á viku. Breytingin taki gildi frá og með hausti 2027.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Árið 2023 var tekin ákvörðun um að stytta opnunartíma félagsmiðstöðva úr kl. 22.00 til kl. 21.45. Teknar voru kr. 11 milljónir úr fjárhagsramma félagsmiðstöðva frá árinu 2024. Fulltrúi ungmennaráðs Laugardals, Bústaða og Háaleitis lagði fram tillögu á fundi Reykjavíkurráðs ungmenna með borgarstjórn Reykjavíkur 10. febrúar s.l. að lengja opnunartímann til kl. 22 eins og áður var.

Í greinargerð ungmennaráðsfulltrúans kom fram að upprunaleg ákvörðun um styttingu opnunartíma árið 2023 hafi ekki verið tekin í samráði við ungmenni eða ungmennaráð. Jafnframt var lagt til að bætt verði við viðbótar kvöldopnun kl. 19.30-22 annað hvort á þriðjudögum eða fimmtudögum. Tillögunni fylgdi sá rökstuðningur að með henni væri verið að auka aðgengi ungmenna að uppbyggilegu tómstundastarfi og efla félagslegt umhverfi þeirra. Einnig að stuðlað væri að auknu öryggi á kvöldin og að draga mætti úr líkum á áhættuhegðun. Aukinn opnunartími bæti jafnræði í tómstundum þar sem fleiri ungmenni geti nýtt sér þjónustuna óháð aðstæðum heima fyrir. Tillagan er í samræmi við óskir ungmenna og styður við aukna þátttöku þeirra í ákvarðanatöku um eigið frístundastarf.



Kostnaður vegna þessa þ.e. að lengja opnunartíma núverandi kvöldopnana til kl. 22.00 eru kr. 12,5 milljónir á núvirði á heilsársgrundvelli. Skóla- og frístundasvið mun leita leiða til að þessi upphæð muni rúmast innan fjárheimilda sviðsins.



Reykjavík